



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

03
11 | 20
21

GRÆNA RÖÐIN

Töfrar fortíðar



Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Áætluð tímalengd:

If My Complaints: 3'

Les Amusements: 5'

Lachrymae: 15'

La valse: 12'

Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað á Rás 1, fimmtudaginn 4. nóvember kl. 19:00

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Reykjavíkurborg



KVÍKA
Eignastýring

Stoltur bakhjarl

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

03|11

MIDVIKUDAGUR
KL. 20:00

GRÆNA RÖÐIN

Töfrar fortíðar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen

hljómsveitarstjóri

Þórunn Ósk Marinósdóttir

einleikari

Benedikt Kristjánsson

einsöngvari

Katie Buckley

hörpuleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir

kynnir

Efnisskrá

John Dowland

If My Complaints Could Passions Move (1597)

Benjamin Britten

Lachrymae (1950)

Thomas Adès

úr Three Studies from Couperin (2006)

1. Les Amusements

Maurice Ravel

La valse (1919–20)

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020.

Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því meira en 15 ár. Þá stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Hún stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað fjölda virtra hljómsveita, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitinni í Stokkhólmi og Sinfóníuhljómsveitinni í Vínnarborg. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Á komandi starfsári mun Eva stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands á níu tónleikum, meðal annars í *Valkyrjunn* eftir Richard Wagner og *Ein Heldenleben* eftir Richard Strauss.



Þórunn Ósk Marinósdóttir

EINLEIKARI

Þórunn Ósk Marinósdóttir er leiðari víóludeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún er fædd og uppalin á Akureyri þar sem hún stundaði fiðlunám hjá Lilju Hjaltadóttur. Hún lauk Mastersprófi í víóluleik við Konunglega tónlistarháskólann í Brussel undir handleiðslu Ervin Schiffer. Í Belgíu var hún leiðari víóludeildar kammerhljómsveitarinnar Prima la Musica undir stjórn Dirks Vermeulen og um tíma meðlimur í I Fiamminghi undir stjórn Rudolfs Werthens. Hún hefur komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Prima la Musica, Kammersveit Reykjavíkur, Caput og Sumida Triphony Hall orchestra í Tókýó. Þórunn kennir víóluleik og kammermúsík við Menntaskóla í tónlist og Listaháskóla Íslands auk þess sem hún kennir á samarnámskeiðum á við Alþjóðlegu Tónlistar-akademíuna í Hörpu (HIMA) og Tónlistarhátíð unga fólksins.

Þórunn spilar mikið af kammermúsík og er reglulegur gestur Kammermúsíklúbbsins og tónlistarhátíða í Reykjavík og víðar. Árið 2012 stofnaði hún Strokkvartettinn Sigga ásamt félögum sínum í kvartettinum en hann hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2018. Hljóðrit kvartettsins hafa einnig verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og fengið lof gagnrýnenda hér heima og erlendis. Frá árinu 2021 hefur Þórunn tekið við listrænni stjórn Reykholtshátíðar ásamt eiginmanni sínum, Sigurði Bjarka Gunnarssyni, en hátíðin er haldin á hverju sumri í Reykholti í Borgarfirði.

Plötuútgáfan Smekkleysa hefur gefið út hljóðritanir þar sem Þórunn fer með einleikshlutverkið í víólukonsertinum „Ombra“ ásamt Kammersveit Reykjavíkur og „Dagbókarbrot“ fyrir víólu og píanó, hvort tveggja eftir Hafliða Hallgrímsson. Hún hefur einnig spilað inn á fjölda kammermúsík hljóðritana, oftast undir merkjum Kammersveitar Reykjavíkur.



Benedikt Kristjánsson

EINSÖNGVARI

Benedikt Kristjánsson er fæddur árið 1987 á Húsavík. Hann hóf söngnám 16 ára gamall við Söngskólann í Reykjavík hjá Sibylle Köll og síðan Margréti Bóasdóttur. Samhliða námi söng hann í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og Hamrahlíðakórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Benedikt lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2007 þar sem Margrét Bóasdóttir var kennari hans. Því næst stundaði hann nám við Hanns Eisler-tónlistarháskólann í Berlín, þar sem aðalkennari hans var Scot Weir. Hann útskrifaðist þaðan árið 2015. Hann hefur sótt meistaranámskeið hjá Peter Schreier, Christu Ludwig, Elly Ameling, Robert Holl, Andreas Schmidt, Thomas Quasthoff og Helmut Deutsch.

Benedikt hlaut fyrstu verðlaun í alþjóðlegri Bach-söngkeppni í Greifswald í júní 2011 og einnig verðlaun áheyrenda. Hann hlaut verðlaun áheyrenda í alþjóðlegu Bach-keppninni í Leipzig sumarið 2012, fékk styrk úr Jean-Pierre Jacquillat sjóðnum, og var valinn Bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum. Árið 2016 var hann valinn söngvari ársins í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum, og aftur 2020. Benedikt hlaut OPUS Klassik verðlaunin fyrir nýstárlegustu tónleika ársins 2019. Þar flutti hann Jóhannesarpassíu Bachs í óvenjulegri uppfærslu, ásamt sembal og orgelleikara, og slagverksleikara. Það sama ár kom út fyrsta sólóplata hans, „Drang in die Ferne“, en á henni eru tvinnuð saman sönglög eftir Schubert og íslensk þjóðlög sungin án undirleiks. Platan fékk mikið lof gagnrýnenda og var tilnefnd sem plata ársins á ICMA, OPUS Klassik og á Íslensku tónlistarverðlaununum 2020. Sama ár flutti hann einnig „óvenjulegu“ Jóhannesarpassíuna í tómri Tómasarkirkju í Leipzig við gróf Bachs á föstudaginn langa. Viðburðurinn var gríðarlega vinsæll og hundruð þúsunda fylgdust rafrænt með um heim allan.

Benedikt hefur komið fram sem einsöngvari í mörgum af stærstu tónleikahúsum heims, eins og Fílharmoníunni í Berlín, Concertgebouw í Amsterdam, Chapelle royale í Versölum og í Walt Disney Hall í Los Angeles. Einnig hefur hann sungið í óperuhúsunum Staatsoper Berlin, Theater Kiel og Staatstheater Braunschweig, þar sem hann hefur flutt bæði barokkóperur og ný verk. Hann er tíður gestur á virtum tónlistarhátíðum, eins og Bachfest Leipzig, Musikfest Stuttgart, Händelfestspiele Halle og Oude Muziek Festival Utrecht. Hann hefur unnið með mörgum virtum stjórnendum, þar má nefna Reinhard Goebel, Reinbert de Leeuw, Peter Dijkstra, Vaclav Luks, Hans-Christoph Rademann, Vladimir Jurowski og Philippe Herreweghe.



John Dowland

IF MY COMPLAINTS COULD PASSIONS MOVE

John Dowland (1563–1626) var eitt af mestu söngvaskáldum sögunnar. Hann var afbragðs lútuleikari og samdi tæplega 100 sönglög við lútumeðleik sem njóta enn mikillar hylli. Lútusöngvar náðu einmitt yfirhöndinni á Bretlandseyjum um aldamótin 1600, þegar Dowland var að skapa sér orð sem tónlistarmaður. Þeir voru oft persónulegir í tjáningu og kveðskapurinn djúphugull. Í melankólskum söngvum Dowlands skín kjarninn í list hans í gegn. Margt bendir til að hann hafi hneigst til depurðar eins og heitið á einu lútuverka hans gefur í skyn: *Semper Dowland, semper dolens* (Ávallt Dowland, ávallt dapur).

Dowland var kaþólskrar trúar en en þegar útséð þótti um að hann fengi stöðu við hirð Elísabetar I. tók hann boði frá Kristjáni IV. konungi Danmerkur – og Íslands – sem var mikill áhugamaður um tónlist. Dowland starfaði við dönsku hirðina á árunum 1598–1606, samdi þar og spilaði auk þess sem hann kenndi konungi lútuleik. Hann hélt að lokum aftur til Lundúna en mátti bíða í sex ár eftir stöðu við konungshirðina. Lagið *If My Complaints Could Passions Move* er úr fyrsta sönghefti hans, *First Booke of Songes and Ayres*, sem kom út í Lundúnum árið 1597 og naut feykimikilla vinsælda. Í textanum kveðst ljóðmælandinn hafa þjáðst of lengi vegna ástar. „Sorg þín ómar enn í djúpum andvörpum mínum“, segir hann og fullyrðir að lokum: „Ég var tryggari ástinni en ástin mér.“



Benjamin Britten

LACHRYMAE

Benjamin Britten (1913–1976) varð á árunum um 1950 eins konar þjóðartónskáld Breta og einn helsti talsmaður „hefðbundinnar“ nútímatónlistar. Tónlist hans er lagræn, hann notar hefðbundna skala og hefur tónmiðju til grundvallar þótt hann noti ómstríða tóna einnig frjálsglega. Britten var afkastamikill óperuskáld, samdi sautján slíkar á árunum 1941–73 og mikinn fjölda annarra söngverka að auki. Hann hafði eðlislægan skilning á mannsröddinni og var eitt fárra tónskálda á síðari hluta 20. aldar sem lögðu varanlegan skerf til óperunnar með verkum sem nú eru færð upp um allan heim.

Britten var meðal þeirra sem töldu listamanninn fyrst og fremst eiga að gera samfélaginu gagn. Aðgengileg tónlist hans tryggði honum meiri hylli meðal almennings en flestir samtímamenn hans í tónskáldastétt gátu státað af. Opinberar viðurkenningar féllu honum einnig í skaut, til dæmis Aspen-verðlaunin svokölluðu árið 1964 en þeim var ætlað að verða eins konar Nóbelsverðlaun í listum. Í þakkarræðu sinni af því tilefni kvaðst Britten helst vilja „verða fólki að gagni“ með tónlist sinni, veita því ánægju og auðga líf þess, en „láta framtíðina sjá um sig sjálfa“.

Britten samdi verkið *Lachrymae* (sem merkir tár á latínu) árið 1950 fyrir skoska víóluleikarann William Primrose, og var verkið í sinni upphaflegu gerð fyrir víólu og píanó. Britten útsetti píanóröddina fyrir strengjasveit skömmu áður en hann lést. *Lachrymae* er röð tilbrigða um fyrstu hendinguna úr lagi Dowlands, *If My Complaints Could Passions Move*. Britten gerir raunar gott betur, því hann vitnar líka í annað sönglag Dowlands, *Flow My Tears*. Það er svo ekki fyrr en undir lok verksins sem söngur Dowlands hljómar í heild sinni, en ekki aðeins fyrsta hendingin.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Lachrymae hljómaði á Íslandi í hljómsveitarbúningi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hallgrímskirkju í nóvember 1995, en þá lék Helga Þórarinsdóttir einleik og Osmo Vänskä stjórnáði. Verkið hefur oftast hljómað í gerð tónskáldsins fyrir víólu og píanó, og má nefna í því samhengi að Þórunn Ósk Marinósdóttir lék þá gerð verksins inn á geisladisk árið 2007.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Þetta er í fyrsta sinn sem útsetning Adès á Couperin hljómar á Íslandi.

Thomas Adès

ÚR THREE STUDIES FROM COUPERIN

Thomas Adès hefur um áratuga skeið verið meðal virtustu tónskálda Bretlands, auk þess að vera afburða hljómsveitarstjóri og píanóleikari. Hann vakti fyrst verulega athygli þegar hann vann til verðlauna í BBC Young Musician of the Year-keppninni 1989, og sama ár hóf hann háskólanám við King's College í Cambridge. Hann lauk þaðan námi með ágætiseinkunn og frami hans næstu árin var ævintýri líkastur. Hann skaut skjótt upp á stjörnuhimininn og hlaut fjölda pantana m.a. frá Birmingham-sinfóníuhljómsveitinni og Sir Simon Rattle, sem hefur verið einn dyggasti stuðningsmaður hans gegnum árin.

Í verki sínu *Three Studies from Couperin* tekur Adès þrjá þætti úr sembalsvítum eftir franska barokktónskáldið François Couperin (1668–1773) og útsetur á einkar frumlegan hátt fyrir tvær litlar kammersveitir. Hver þáttur hefur sama fjölda takta og upphaflega gerðin, en þó eru þetta langt frá því að vera venjulegar útsetningar. Hann kannar eiginleika efniviðarins með ýmsu móti, til dæmis í fyrsta þættinum (*Les Amusements*) með því að láta áferðina flæða úr einu í annað.

Thomas Adès er væntanlegur til Íslands síðar í þessum mánuði. Hann mun stjórna eigin verkum og tónlist eftir Jean Sibelius á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands þann 18. nóvember, en þar mun meðal annars hljóma píanókonsertinn *In Seven Days* þar sem Víkingur Heiðar Ólafsson leikur einleik.



Maurice Ravel

LA VALSE

Þegar heimsstyrjöld braust út í septembermánuði 1914 var Maurice Ravel (1875–1937) í þann mund að ljúka við nýtt verk, píanótríóíð fræga, og var með hugann við ný verkefni: píanókonert yfir basknesk stef, tvö píanóverk og tvær óperur. Þegar til kom ýtti hann öllu þessu til hliðar og sótti um að gerast flugmaður í franska hernum. Ravel var hafnað af heilsufarsástæðum en þá gerðist hann sjúkraflutningamaður í staðinn og annaðist næstu árin flutninga á særðum hermönnum. Ravel tók hörmungar stríðsins sér mjög nærri, en þess utan voru síðari stríðsárin honum mikil persónuleg raun: hann fékk blóðsótt í september 1916 og móðir hans lést skyndilega í janúar 1917.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

La valse heyrðist ekki á tónleikum á Íslandi fyrr en árið 1970. Þá hélt Bohdan Wodiczko um tónsprotann en síðan hafa níu stjórnendur fylgt í fótspor hans, meðal annars Aldo Ceccato (1989), Osmo Vänskä (1993), Baldur Brönniman (2003), David Björkman (2007), Petri Sakari (2010) og Yan Pascal Tortelier (2018).

Verkið hefur einnig hljómað í útsetningu fyrir tvo flygla, til dæmis í flutningi Gísla Magnússonar og Halldórs Haraldssonar, en einnig hefur Aladár Rácz leikið verkið bæði með Helgu Bryndísi Magnúsdóttur og Peter Maté. Khatia Buniatishvili lék útsetningu fyrir einleikspíanó á tónleikum sínum á Listahátíð í Reykjavík 2014.

Þegar stríðinu lauk átti Ravel erfitt með að snúa sér aftur að tónsmíðum. Hann hafði ekkert samið í fjögur ár og þjáðist af svefnleysi sem gerði honum lífið leitt allt til dauðadags. *La valse* var eitt fyrsta verkefni hans eftir að heim var komið. Verkið er sérkennileg blanda af ljúfum Vínarvölsum sem svífa hjá áreynslulaust þótt þeir heyrst sjaldnast nema í brotakenndu formi, og tónlist sem hefur á sér allt annan blæ – er ágengari, frekari, grófari. Þegar líður á verkið verða línurnar óskýrari, ágenga tónlistin verður danskenndari þrátt fyrir allan ljótleikann, en valsabútarnir verða aftur á móti óhugnanlegri í hvert sinn sem þeir stinga upp kollinum. Í raun má líta á *La valse* sem uppgjör Ravels – í tónum – við andstæðingana úr stríðinu. Hér er franskt tónskáld að skrumskæla tónlistina sem öðru fremur var tákn andstæðingsins, hins völduga austur-ungverska keisaradæmis. Sporin verða sífellt trylltari, tónlistin stigmagnast og að lokum er auðvelt að sjá fyrir sér dansandi aðalinn í Vínarborg hrynja niður örmagna líkt og unga stúlkan í *Vorblóti* Stravinskíjs – fórn á altari græðginnar og brjálseminnar, rétt eins og milljónirnar sem stefnt var út á vígvöllinn í þeirra þágu.

Árni Heimir Ingólfsson

Á DÖFINNI



05|11

FÖSTUDAGUR
KL. 18:00 og 20:00

Högni og Sinfóníuhljómsveit Íslands

Högni Egilsson hefur um langt árabil verið meðal kunnustu tónlistarmanna landsins. Þessir spennandi tónleikar í Föstudagsröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands eru helgaðir nýrri sinfónískri tónlist Högna og mun hann einnig koma fram sjálfur með hljómsveitinni í sumum verkanna. Hljómsveitin hefur áður flutt tónlist Högna, meðal annars á tekið upp tónlistina fyrir Netflix-sjónvarpsþáttaröðina Kötlu og verða tvö sinfónísk ljóð úr Kötlu meðal annars flutt á tónleikunum. Ennfremur verður frumflutt fyrsta sinfónía Högna, hans stærsta hljómsveitarverk til þessa, sem samin er sérstaklega í tilefni tónleikanna.



11|11

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

Eva stjórnar Strauss

Glæsileg hljómsveitartónlist eftir Richard Strauss hljómar á þessum tónleikum auk verks eftir Daníel Bjarnason. Tónaljóð Strauss um hrekkjalóminn Ugkluspegil framkallar bros við hverja hlustun, en í svítu úr óperunni Rósarriddaranum hljóma innilegir ástarsöngvar í bland við líflega Vínarvalsa. Finnsla sópransöngkonan Camilla Nylund er ein sú fremsta á sínu sviði á heimsvísu og eru gagnrýnendur á einu máli um að raddfegurð hennar og túlkun séu engu lík. Hún syngur Fjóra síðustu söngva, verk sem Strauss lauk við undir lok ævinnar. Daníel Bjarnason samdi nýjasta hljómsveitarverk sitt, From Space I Saw Earth, fyrir aldarafmæli Fílharmóníusveitarinnar í Los Angeles og var það frumflutt þar við mikinn fögnuð árið 2019. Hljómsveitarstjórar eru þrír í verki Daníels, Eva Ollikainen sem stjórnar öllum tónleikunum, en einnig Daníel Bjarnason og Kornilios Michailidis.

Á DÖFINNI

18|11

FIMMTUDAGUR
KL. 19:30

Víkingur og Adès

Thomas Adès hefur um áratuga skeið verið meðal virtustu tónskálda Bretlands, auk þess að vera afburða hljómsveitarstjóri og píanóleikari. Píanókonsertinn *In Seven Days* var frumfluttur árið 2008 og er í sjö þáttum sem spegla sjö daga sköpunarsögunnar í Fyrstu Mósebók. Konsertinn hefur hlotið einróma lof og þykir einn fremsti píanókonsert sem saminn hefur verið á 21. öld. Á þessum tónleikum leikur Víkingur Heiðar Ólafsson þennan stórmerkilega konsert undir stjórn tónskáldsins sjálfs, og er stórvíðburður í íslensku tónlistarlífi.

Einnig hljóma tvö verk eftir finnska tónskáldið Jean Sibelius, en Adès er ákafur aðdáandi hans og hefur stjórnað verkum hans víða um heim.

25|11

FIMMTUDAGUR
KL. 19:00

26|11

FÖSTUDAGUR
KL. 19:00

27|11

LAUGARDAGUR
KL. 14:00

Harry Potter og viskusteinninn™

Kvikmyndin *Harry Potter og viskusteinninn™* kom út árið 2001 og var aðsóknarmesta mynd ársins. Með myndinni öðluðust leikararnir ungu, Daniel Radcliffe og Emma Watson, heimsfrægð og ævintýraveröld J.K. Rowling varð ljóslifandi á hvíta tjaldinu. Myndin hlaut þrjár tilnefningar til Óskarsverðlauna (ACADEMY AWARDS®) og sjö framhaldsmyndir bættust við á næstu níu árum.

Tónlistin leikur stórt hlutverk í myndunum um *Harry Potter™* enda sjálfur John Williams sem samdi hana og hefur hlotið fyrir hana fjölda viðurkenninga. Williams notar leiðsögustef í tónlist sinni, lætur meginpersónur og staði hafa eigin stef sem hafa sterkan blæ. Tónlistin við þessa frábæru mynd lifnar við í lifandi flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem leikur við sjálfa myndina undir stjórn bandaríska hljómsveitarstjórans Timothy Henty.



03
1120
21

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufeig Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Margrét Þorsteinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Roland Hartwell
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Matthías Stefánsson
Hlín Erlendsdóttir
Kristján Matthíasson
Kristín Björg Ragnarsdóttir

Víola

Rita Þorfiris
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Lucja Koczot
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Guðrún Hrund Harðardóttir
Ásta Kristín Pjetursdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Þórdís Gerður Jónsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir

Bassi

Xun Yang
Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sólveig Magnúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Sandra Simón Monje

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Bryndís Þórsdóttir
Eugénie Ricard
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Bruun
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Daniel Egan
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley
Elísabet Waage

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Helgi Þorleiksson
Matthias Engler

Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi
Bertrand de Billy aðalgestastjórnandi
Kornelios Michailidis staðarhljómsveitarstjóri
Daniel Bjarnason listamaður í samstarfi
Anna Þorvaldsdóttir staðartónskáld
Vikíngur Heiðar Ólafsson staðarlistamaður

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sólveig Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi
Halla Oddný Magnúsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri/í orlofi
Valdís Þorkelsdóttir viðburða- og skipulagsstjóri

Jökull Torfason verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri
Inga María Leifsdóttir markaðsfulltrúi
Sverrir Hjálmarsson mannaútsstjóri
Svanhvit Hrólfsson fjármálastjóri
Kristín Björg Björnsdóttir skjala- og skrifstofufulltrúi
Kristbjörg Clausen nótnavörður
Larissa Weidler umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsson sviðsstjóri



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2021
2022

KLASSÍSKI SKÓLINN

Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.900 kr. með skólakorti Sinfóníunnar.

Skáðu þig fyrir skólakorti í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort.



KONOR REYKJANIK

Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2021
2022

SVARTA RÖÐIN

Sérstök tónleikaröð með Víkingi í einleikshlutverki. Þrennir hljómsveitar-tónleikar ásamt einleikstónleikum Víkings í nóvember.

Víkingur Heiðar Ólafsson er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021-22. Samstarf Víkings og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessu starfsári er einstakt á heimsvísu og nokkuð sem enginn tónlistarunnandi má láta fram hjá sér fara.

Þeir sem kaupa kort á þessa einstöku röð fá 15% afslátt af almennu miðaverði.



Miðasala
sinfonia.is

Sími
528 5050

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring